

Akranesi 29.03.2016

Viðtakandi :
Akraneskaupstaður Bæjarráð

Sendandi :
Starfandi sjúkraflutningsmenn á HVE Akranesi

Erindi: Ástand gatna hjá Akraneskaupstað

| AKRANESKAUPSTAÐUR | | |
|----------------------|--------------|--------------------------|
| Skj.nr. 25 | Mótt. af Lúð | Mótt. dag. - 7 APR. 2016 |
| Áb.m. RÁ | Úrv.abili RÁ | Afrit RÁ / SPH |
| Símtal | Tölvup. | Fax S.A / SP |
| Svarfr. | Trún.mál | Fskj. SAS |
| Málsnr. Öne / 604062 | | |

Við undirritaðir sjúkraflutningsmenn sem starfað hafa um árabíl við sjúkraflutninga á starfssvæði HVE á Akranesi getum ekki orða bundist vegna þess ástands sem er á yfirborði gatna bæjarins.

Götturnar eru víða illa farnar missignar, sprungnar og ójafnar.

Sjúklingar sem liggja í sjúkrakörfum bílanna kvarta undan gatnakerfinu. Margir líða miklar kvalir vegna hristings þótt ekið sé mjög varlega um götturnar., sérstaklega beinbrotnir sjúklingar.

Forgangsakstur er sem betur fer ekki daglegur viðburður í Akranesbæ en þegar slíkur akstur er nauðsynlegur getur hann verið hættulegur vegna ástands gatnanna.

Oft hefur hættu legið við í vinnu í sjúkrabifreiðum í forgangsakstri.

Sjúkrabifreiðar frá Vesturlandi og Reykjavík koma oft í viku á HVE og aka þá inn í kaupstaðinn framhjá Olísnessi að slysinngangi HVE. Ö kumönnum þessara bifreiða hefur orðið tíðrætt um misgegi gatna á þessari stuttu leið.

Ótal marga staði er hægt að benda á í bænum sem nauðsynlegt er að lagfæra. Hér koma nokkrar ábendingar:

- Hringtorg við Esjubraut er allt missigið og stórhættulegt, sérstaklega ef ekið er um Esjubrautá forgangi frá sjúkrabílastöð við Þjóðbraut í átt að Ægisbraut
- Kirkjubraut, frá umferðarljósum að Kirkjubraut 54
- Gatnamót Kirkjubrautar og Háholts
- Hvörf á Háholti við gamla bókasafnið
- Hraðahindrannir í bænum, margar með hvössum brúnum og mjög háar og hættulegar forgangsakstri
- Garðagrund hefur tvær náttúrulegar hraðahindrannir og þrjár manngerðar með hvössum brúnum
- Suðurgata frá húsnúmeri 80 - 124
- Garðabraut (mikil missig)
- Stillholt (mikil missig)

- Vesturgata frá húsnúmeri 105 - 157
- Margar viðgerðir á gatnamótum Kirkjubrautar og Stillholts sem eru steiptar neðar eða signar og ekki í götuhæð
- Stillholt við húsnúmer 23, misgengi á götu fyrir framan strætóskýli

Áfram mætti lengi telja. Eitthvað hefur þó verið gert og var Heiðarbraut að slysainngangi HVE lagfærð á síðasta ári sem dæmi og á dagskrá er að malbika efsta hluta Vesturgötu á þessu ári og er það vel.

Við sem störfum við þessa þjónustu erum tilbúnir að ræða við bæjarráð eða Umhverfissvið Akraneskaupstaðar ef óskað verður eftir því og skiptast á skoðunum um brýnustu umbætur. Einnig erum við tilbúnir að bjóða bæjarráðsfulltrúum að koma í bíltúr í sjúkrahúsi HVE á Akranesi og kynna ástandinu af eigin raun.

Með bestu kveðju:

Halda Halgadóttir
Lambert Silgertsson
Skarphéðinn Magnússon
Ólafur E. Sigurðsson
Ludvík K. Einarsson
Sigrún María Sigmarsson
Gíðli Þórsdóttir